

Sæll Kristján og takk fyrir spjallið í síma.

Ég lýsti áhuga mínum til margra ára að reist yrði veglegur minnisvarði í Hafnarfyrði til minningar þeirra sjómanna sem fórust í Halaveðrinu 1925.

Það var gríðarleg blóðtaka og áfall fyrir margar fjölskyldur og börn að missa föður sinn og fyrirvinnu í þessu óveðri,

Læt þetta vera mínar fyrstu línur til þín og ykkar og með góða von í fartaski að draumur minn verði að veruleika og minning þessara manna verði heyrud.

Læt fylgja með smá pitil vegna slyssins.

Með þakklæti.

Halaveðrið

Halaveðrið kallast illviðri, sem varð á Halamiðum 7. - 8. febrúar 1925 út af Vestfjörðum. Veðrið brast á mjög snögglega um hádegjið og umhverfðist sjórinn í einu vetfangi og varð ekki við neitt ráðið. Tveir togarar fórust. Það voru Leifur heppni og Fieldmarshal Robertson en þeir voru við veiðar skammt hvor frá öðrum og þau skip sem næst voru misstu fljótlega sjónar af þeim. Leifur heppni var með talsverðan afla en ekki er vitað um hitt skipið. Óveðrið stóð yfir í hálfan annan sólarhring. Á Leifi heppna voru 33 íslenskir menn. Á Fieldmarshal Robertson voru 29 Íslendingar en auk þess voru á skipinu 6 Englendingar.

Kveðja,

Erlendur Eysteinnsson

Ráðdeild ehf.

Sími; 699 6699

thorinn99@gmail.com